


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

gríptu
með þér
ÞREFALT
betra
tyggjó



Nýtt Mentos tyggjó

Vissir þú að bændur hrópa gjarnan „tipp-tipp, tippa-tipp“ á sauðfé en það á ekkert skylt við getraunir né veðmál?

INGIMUNDUR VEIT EKKERT UM FÓTBOLTAÍÞRÓTTINA EN ER HINS VEGAR SÉRFRÆÐINGUR UM LEÐURKNETTI SEM ÞENNA



FÓLK GÆTI GRÆTT Á GRIKKJUM

Erlendar veðmálasíður er að sjálfsögðu með puttann á púlsinum þegar kemur að Evrópumótinu í knattspyrnu. Sérfræðingar telja líklegast að Þjóðverjar standi uppi sem sigurveggar en ólíklegast að Grikkir sigri.

Land	Stuðull
Þýskaland	3,0
Spánn	3,5
Portúgal	8,0
Ítalía	9,0
England	9,0
Frakkland	11,0
Tékkland	41,0
Grikkland	51,0

SVONA SPÁIR INÓ 8-LIÐA ÚRSLITUNUM

Tékkland : Portúgal	0-2
Þýskaland : Grikkland	2-0
Spánn : Frakkland	2-0
Ítalía : England	0-1

Veit ekkert um fótbolta

Nú þegar riðlakeppninni er lokið á EM í fótbolta er ljóst að spennan eykst ekki bara á meðal leikmanna heldur einnig hjá þeim sem giskað hafa á úrslit leikja.

Ingimundur Niels virðist þó slakur sem silki enda spilar hann með Fylki.

Spennan í Evrópumótinu í knattspyrnu fer sívaxandi og í kvöld hefjast átta liða úrslitin þegar Tékkland og Portúgal mætast á Þjóðarleikvangi Póllands í Varsjá. Fyrir tveimur vikum sagði Monitor frá persónulegu veðmáli Simma og Jóa þar sem Simmi spáði Þjóðverjum sigri en Jói Spánverjum. Þessar Þjóðir eru enn í keppninni svo þeir félagar eiga enn góðan möguleika á sigri.

Venediktsson, tippkeppni fagmanna, er heldur stærri tippaleikur þar sem fjöldinn allur af knattspyrnuáhugamönnum tekur þátt. Þar fá menn stig fyrir

hárrétt úrslit, réttan sigurveggar og réttan fjölda marka. Ennfremur geta menn krækt sér í ýmis aukastig með því að spá rétt fyrir um sigurveggar keppinnar, markahæsta leikmanni eða bara hvort hinn þýski Klose muni skora með skalla.

Nú þegar riðlakeppninni er lokið trónir Ingimundur Niels Óskarsson, leikmaður Fylkis, á toppnum með heldur þægilega forystu. Sjálfur er hann pollrólegur yfir stöðu mála. „Ég man ekki hvenær ég fór á toppinn. Ég tók eftir því að ég var allt í einu ofarlega en var ekkert mikið að spá í þetta fyrir

það,“ segir Ingimundur rétt fyrir síðdegisblund sinn.

Spáði Þjóðverjum sigri

Ingimundur telur að lukkudis-irnar eigi einhvern þátt í velgengi hans því hann lítur ekki á sig sem mikinn spámann eða sparksérfræðing. „Allir sem þekkja mig vita að ég hef ekki hundsvit á fótbolta. Ég veit ekkert um fótbolta,“ segir Ingimundur sem dregur þó aðeins í land með yfirlýsingarnar því hann segist fróður um getumun liðanna. „Ég tel mig vita hvaða lið eru góð og hvaða lið eru slök og tippa bara eftir því,“ útskýrir hann.

„En ég gæti ekki þulið upp fyrir þig byrjunarlið Manchester United til dæmis.“

Ingimundur hefur mikinn húmor fyrir þessari tippkeppni og þeirri staðreynd að hann skuli tróna á toppnum. „Þetta er náttúrulega fremur skondið. Ég spáði því til dæmis að Klose yrði markahæstur á mótinu bara af því að ég hélt að hann væri framherji númer eitt hjá Þýskalandi,“ segir Ingimundur en framherjarnir Gomez og Podolski hafa fengið fleiri tækifæri með liði Þjóðverja. „En ég spáði Þjóðverjum sigri og það getur vel ræst hjá mér.“

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

Á MIDNÆTTI

Gærnóttin var lengsta nótt ársins en þá áttu sér stað sumarsólstöður. Með öðrum orðum fer dagur að styttest héðan af en eigi skal þó órvænta, enda styttest dagurinn ansi hægt og rólega og því fara björtu sumarnæturnar ekki í bráð. Monitor mælir með því að lesendur nýti þessar löngu sumarnætur í **miðnætur-göngur og álíka skemmtilegheit** þar sem njóta má eldrauðs himins við sólsetur.



GOGGINN

Það er fátt betra en að borða góðan hamborgara, hvort sem hann er sveittur úr sjoppu eða ferskur beint af grillinu heima.

Ef þig langar virkilega að dekra bragðlaukana og ert ef til vill nýbúinn að fá útborgað, þá mælir Monitor með

því að þú fleygir þér á **hamborgarann á Grillmarkaðnum**, sem opnaði niðri í bæ síðasta sumar.

FYRIR BOLTAEDELLUFÓLK

Fyrir ykkur lesendur sem fáið ekki nóg af því að fylgjast með boltaþróttum mælir Monitor með **úrslitaviðureign NBA** þar sem eigast við **Miami Heat og Oklahoma City Thunder**.

Þegar þetta er ritað er OKC komið með bakið upp við vegg og er LeBron James einungis einum sigri frá hringnum

langþráða svo spennustigið er hátt. Svo er karfan líka svo skemmtilegt mótvægi við EM í fótbolta sem tröllríður öllu um þessar mundir.



Vikan á facebook



Gauti Þeyr
Er ekki einhver að læra nudd sem er til í smá aukamanneys? Er í hakki
19. júní kl. 15:01



Daniel Oliver
Leit á bumbuna mína í speglinum í morgun og hugsaði með mér.. Veistu..

ég bara elska þig, bumba! Ég er loksins að verða fullorðinn og búinn að sætta mig við hvernig ég lít út og hættur að leitast eftir yfirburðum.. Húrra fyrir mér :)
11. júní kl. 15:37



Aron Pálmarsson
let the summer begin — með Ólafur Gústafsson og Andri Geir Gunnarsson at Bellagio Las Vegas.
19. júní kl. 1:02



Selma Björns
Laun eru eins og blæðingar, koma einu sinni í mánuði og endast í ca 7 daga. Ef þau koma ekki, er maður í djúpum skít:)
18. júní kl. 9:38

FEITAST I BLAÐINU

4 Þær **Þyri Huld** og **Rakel** gefa gömlum fótum nýtt líf með **Rauða krossinum**.



6 Ýmsar íslenskar hlóm-sveitir hafa tekið upp góð „meiknófn“ í útrás erlendis.



8 Meðlimir **Botn-leðju** byrjuðu ekki í heróíni þótt þeir yrðu ekki heimssfrægir.



12 Klippið **hausinn** á **Gylfa Þór** út og metið hvaða treyja klæðir hann best.



Efst í huga Monitor

Hvar er ungfrú Ísland?

MÁ Þjóðhátíðardaginn var ég staddur í Eldborgarsalnum í Hörpu. Ég var svo heppinn að fá að deila sviðinu með mörgum af hæfustu listamönnum landsins og það var því ærin ástæða til að standa sig vel. En í öllum hamaganginum rak ég augun í Lindu Pétursdóttur, fegurðardrottningu og líkamsræktarfrömuð. Hún sat á fremsta bekk með vinkonum sínum og virtist bara skemmta sér hið besta. Það fyndna er að um leið og ég sá hana fór ég að vanda mig enn betur í söngnum og varð í raun meðvitaðari um mig sjálfan.

Sökum þessarar upplifunar fór ég að velta vöngum yfir þessum fegurðardrottningarheimi. Þegar ég var að alast upp þá var eins og fegurðarsamkeppnir væru mun virtari heldur en þær eru í dag og þær sem unnu titlana þá voru meira í umræðunni í Þjóðfélaginu. Þannig gengi mér ef til vill betur að telja upp hverjar fengu kórónuna á síðasta áratug síðustu aldar heldur en í upphafi 21. aldarinnar. Svo þegar ég hugsaði þetta allt saman betur þá áttaði ég mig á því að keppnin hefur ekki enn farið fram þetta árið.

Ég græt það svo sem ekkert sérstaklega en furða mig þó á því af hverju fólk hafi ekki velt sér meira upp úr því. Ef árið væri 1989 þá yrði ef til vill uppi fótur og fit ef ekki yrði haldin fegurðarsamkeppni enda Linda kosin ungfrú heimur árið áður. Það er ekki eins og íslenskar konur hafi orðið ófríðari með árunum og því væri synd ef Unnur Birna þyrfti að vera síðasta „Miss World“ okkar Íslendinga. Væri ekki snilld ef að Anna Líf* eða Birta Rós* myndu vera fulltrúar íslensku Þjóðarinnar í Ungfrú heimur árið 2018, sýna fegurð okkar og þokka í allri sinni dýrð og hirða kórónuna og borðann.

Nei, nei. Ég er bara að pæla í þessu og datt í hug að þið hefðuð áhuga á því að pæla í þessu líka. Hvar er Ungfrú Ísland 2012?

Virðingarfyllst,
Jón Ragnar

*Skálduð nöfn (Anna og Birta voru vinsælustu nöfnin árið 1999)

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)

Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir

Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Styrmir Kári Erwinsson (styrmirkari@mbl.is)

Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136



ÞYRI HULD OG RAKEL VINNA
SKAPANDI SUMARSTARF Í SUMAR

Gefa gömlum fötum nýtt líf

Pyri Huld Árnadóttir og Rakel Jónsdóttir eru skapandi stúlkur sem vinna að skemmtilegu sumarverkefni í samstarfi við **Rauða krossinn**. Markmið þess er að fá fólk til að nýta gömul föt og breyta þeim og bæta eftir smekk.

Hvað eruð þið að gera í lífinu?

Pyri: Ég útskrifaðist úr Listaháskólanum í dansi síðasta vor og er búin að vera að dansa með Íslenska dansflokknum síðan þá og þangað til núna í júní. Í haust verð ég svo „freelance“ að gera vonandi eitthvað skemmtilegt.

Rakel: Ég var að klára mitt fyrsta ár í fatahönnun í Listaháskólanum.

Segið okkur aðeins frá verkefninu ykkar.

Pyri: Við sóttum um hjá Hinu húsinu þar sem þau bjóða uppá skapandi sumarstörf. Við bjuggum bara til umsókn og töluðum við Rauða krossinn og fengum hann í samstarf með okkur. Lykilorðið okkar er að gefa gömlum fötum nýtt líf. Okkar verkefni er að sýna fólk hversu margt fallegt leynist í þessum búðum því þetta er í raun algjör gullkista. Við gerum það svo með ýmsum hætti, til dæmis vorum við með ljósmyndasýningu síðasta föstudag á vegum Hins hússins. Þá fengum við föt hjá Rauða krossinum og tókum myndir með dönsurum. Síðan munum við einnig breyta og bæta flikum úr búðunum eins og til dæmis að sauma kjóla úr gardinum eða þrengja buxur sem væru annars útviðar og hallærislegar. Síðan sendum við flikurnar aftur í búðina og þær eru seldar á sama verði og fyrir breytinguna.

Hvernig hefur samstarfið gengið?

Rakel: Þetta hefur gengið bara mjög vel. Rauði krossinn var mjög spenntur fyrir þessu enda hafa þau gott af smá-umfjöllun. Þau vilja líka breyta svoltið ímynd búðarinnar, að þetta sé ekki þannig að fólk neyðist til að fara þangað að kaupa föt heldur frekar að fólk vilji það, því það er hægt að finna svo margt fallegt. Svo er úrvalið endalaust



enda eru búðirnar fimm alls, tvær á Laugaveginum, ein í Garðabæ, Hafnarfirði og í Mjóddinni.

Hvernig kviknaði hugmyndin að þessu?

Rakel: Við vorum hvorug komnar með sumarvinnu og okkur langaði að gera eitthvað skemmtilegt og þá datt okkur í hug að sækja um.

Pyri: Við búum líka saman og höfum báðar gaman af því að sauma og gera eitthvað listrænt. Síðan erum við sjálfar fastagestir í þessum búðum eins og Rauða kross-búðinni og Kolaportinu og erum mikið að breyta fötum.

Hvernig komið þið dönsurum inn í verkefnið?

Pyri: Ég er sjálf dansari og mér finnast dansarar bara svo skemmtilegir og flottir. Eins og til dæmis í myndatökunni, þá langaði okkur báðar að gera eitthvað öðruvísi, ekki

endilega að nota venjuleg módel. Okkur langaði að nota hreyfingu og dansarar geta hreyft sig öðruvísi en aðrir. Svo munum við nota dansara í fleiri verkefni í sumar.

Verða fleiri sýningar eða tækifæri til að sjá afraksturinn?

Rakel: Já, við verðum meðal annars með tiskusýningu á Menningarnótt líklegast á Ingólfstorgi. Þá sýnum við flikur sem við höfum verið að sauma og flikur úr Rauða kross-búðinni. Svo er hægt að fylgjast með okkur á fésbókinni, við heitum Garmur Garmarsson. Þar setjum við inn myndir og sýnum einnig hvernig við breytum og bætum svo fólk geti líka bara gert þetta sjálf.

Gæti þetta verið upphafið að frekara samstarfi ykkar í framtíðinni?

Rakel: Já, er það ekki? Við sigrum leikhúsheiminn, Þyri býr til dansverk og ég búningana og sviðmynd. Ég mun samt ekki dansa í neinu verki, en Þyri hjálpar mér kannski að búa til búningana. Síðan núna í haust þar sem Þyri verður „freelance“ þá getum við sameinað krafta okkar, hún býr til danssýningu og ég búningana. Ég held það bara.

Eitthvað að lokum?

Pyri: Við viljum benda fólk á að endurvinnna fötin sín, ekki henda fötunum ykkar! Þótt þið teljið þau úrelt og haldið að enginn vilji eiga þau þá er alltaf hægt að breyta fötunum og svo er líka mikilvægt að hugsa um þá sem eiga minna, það er alltaf hægt að nota fötin aftur. Síðan hvetjum við alla til að fylgjast með okkur í sumar á fésbókinni.

Ljósmyndari: Steve Lorenz
Dansarar: Unnur Elísabet Gunnarsdóttir, Hannes Þór Egilsson og Aðalheiður Halldórsdóttir.
Förðun: Anna Margrét Gunnarsdóttir.

stíllinn

Lisa Hafliðadóttir
lisa@monitor.is



Fantagott sumar






UTANGARÐSMENN

THE OUTSIDERS

Bubbi Morthens dreif félagi sína með sér nokkrar ferðir út fyrir landsteinana. Mestmegnis fóru þeir til Norðurlandanna, sungu á ensku og kölluðu sig The Outsiders. Bubbi segir þó sjálfur að hann hafi aldrei náð góðri tengingu við lögin sín þegar hann söng á ensku svo hann hætti við á miðri leið og sneri alfarið aftur til Íslands.



BOTNLEÐJA

SILT

Forsíðustrákarnir í Botnleðju fóru í tónleikaferð með hljómsveitinni Blur um Bretland í upphafi árs 1997. Þá studdust þeir einfaldlega við orðabókina og beinþýddu nafnið sitt í Silt. Sumir vilja meina að söngvari Blur, Íslandsvinurinn Damon Albarn, hafi stolið mest grípandi partinum úr Botnleðjulaginu „Þið eruð frábær“ og notað í laginu „Song 2“ sem varð eitt vinsælasta Blurlagið og var meðal annars aðallagið í FIFA 98-tölvuleiknum.

THOR'S HAMMER

Í gegnum tíðina hefur útgáfufyrirtækið Parlophone gefið út efni með mörgum þekktum hljómsveitum á borð við Coldplay og Radiohead. Í þessum hópi er líka að finna keflvísukusveitina Hljóma því þeir gáfu út smáskífuna Umbarumbamba hjá fyrirtækinu árið 1966. Platan fékk góð viðbrögð hjá gagnrýnendum en sló þó aldrei í gegn í Bretlandi.



KOLRASSA KRÓKRÍÐANDI

BELLATRIX

Kolrassa krókríðandi sigraði Músiktilraunir árið 1992. Kolrassa-hópurinn tók ekki upp á því að þýða nafn sitt heldur skiptu þau í eitthvað alveg nýtt og tóku upp nafnið Bellatrix. Bellatrix starfaði í Bretlandi um nokkurt skeið og fór meðal annars á tónleikatúr með Coldplay sem var þá að stíga sín fyrstu skref. Söngkona sveitarinnar, Elíza Newman, býr enn í Bretlandi og á hún lag á vinsældarlista Rásar 2 um þessar mundir, lagið Stjórnuryk.

GÓÐVILJUÐ

Botnleðjupiltar héldu eitt sinn í viking til Bretlands en í gegnum tíðina hafa margar íslenskar hljómsveitir reynt fyrir sér úti í hinum stóra heimi. Sumar hljómsveitir brugðu á það ráð að breyta íslenska nafninu sínu í eitthvað erlent og töff til að auka möguleikann á frægð og frama.

SHOOTIN' BLANKS

Árið 1999 var fyrsta Airwaves-hátíðin haldin í Reykjavík og þar stigu, á meðal annarra, á stökk strákarnir í Landi og sonum. Nokkur áhugi myndaðist hjá bandarískum plötuframtækjum á forsprakkanum, Hreimi Erni Heimissyni. Hann vildi þó ekki yfirgefa hljómsveit sína svo stefnt var að því að gera hana stóra vestanhafs og tóku þeir því upp nafni Shootin' Blanks. „One, two, one, two, a microphone check, everybody can you hear me,“ söng Hreimur en draumurinn breyttist í martröð þegar Tvíburaturnarnir hrundu og ekkert varð úr heimsyfíráðum Hreims og féлага.



LAND OG SYNIR



HLJÓMAR

**NYLON****THE CHARLIES**

Stelpurnar í Nylon slógu í gegn á Íslandi. 10 lög þeirra náðu fyrsta sæti í vinsældum, þrjár plötur náðu toppnum, bókinn þeirra seldist í tonnatali og myndavélar eltu þær á röndum í raunveruleikahætti sem helgaður var þeim. Þær fóru svo til Bretlands og spiluðu með hljómsveitum á borð við Westlife, Girls Aloud og McFly. En þó svo að Nylon-nafnið hafi vel getað gengið á erlendri grundu ákváðu þær að byrja upp á nýtt þegar þær fluttust til Los Angeles. Emílu-lausar tóku þær upp nafnið The Charlies með lúmskri tilvitnun í englana þrjá. Sjálfar tóku stelpurnar svo upp nöfnin Klara Elias, Alma Goodman og Camilla Stones.

KIND?**ARTIC ORANGE OG KIND**

Nafn Ný danskrar kom til út af saklausu skilti í sjoppu nálægt MR þar sem þeir sem áttu leið hjá voru minntir á nýju dönsku blöðin sem komin voru til landsins. Ekki þótti þeim félögum þó vænlegt til árangurs að þýða nafn sitt þegar þeir reyndu að kynna lag sitt Nostradamus hjá erlendum útgefendum svo þeir tóku upp nafnið Artic Orange. En þegar þeir spiluðu á tónleikum í London á meðan þeir tóku upp Himnasendingu komu þeir fram undir nafninu Kind. Það hefur ef til vill verið góðviljuð kind.

HERE COMES THE SUN

Síðan skein sól fékk samning hjá Diva Records í London og studdist við Bítalagasafnið þegar nafnið Here Comes the Sun var tekið upp. Erlendi umboðsmaðurinn þeirra var einnig með hljómsveitina Daisy Chainsaw á sínum snærum og þegar söngkona þeirrar sveitar gafst upp hrundi allt og plata Sólarinnar kom aldrei út. Helgi Björns hefur oft verið kallaður Holy B en segir það hafa frekar tengst plötusnúðanafnatiskunni frekar en útrásinni.

**NÝ DÖNSK****SÍÐAN SKEIN SÓL****BEATEN BISHOPS**

Stefán Hilmarsson á það til í textum sínum að leika sér með íslenska málshætti og þegar Sálin hélt í víking hélt málsháttaleikurinn áfram. Beaten Bishops er að sjálfsgöðu tilvitnun í málsháttinn „enginn verður óbarinn biskup“ sem útlendingar hafa sjálfsgagt átt í erfiðleikum með að tengja við þó svo að þeir hafi alveg örugglega ekki átt í vandræðum með að syngja með í „Where's my Destiny?“

**SÁLIN HANS JÓNS MÍNS****Sumir þurf'ekk' að breyta**

Það er alls ekki skylda fyrir íslenskar sveitir að skipta um nafn þegar haldið er í útrás. Þær íslensku sveitir sem hafa náð hvað lengst héldu sínum upprunalegu nöfnum með góðum árangri.

BJÖRK Fern BRIT verðlaun, fern MTV-verðlaun fyrir tónlistarmyndbönd, 12 Grammy-tilnefningar og tilnefning til Óskarsverðlauna ætti að segja okkur eitthvað um velgengni Bjarkar á erlendri grundu. Árið 2003 tilkynnti útgáfufyrirtæki Bjarkar, One Little Indian, að Björk hafi selt meira en 15 milljónir platna á heimsvísu.



SIGUR RÓS Þrjú lög sveitarinnar óma í myndinni Vanilla Sky. Lagið „Starálfur“ var notað á mögnuðu augnabliki í myndinni Life Aquatic og það sama má segja um lagið „Festival“ sem notað var á algjörum hápunkti myndarinnar 127 Hours. Þá hefur sveitin selt fleiri en milljón eintök á plötum sínum í hinum stóra heimi.

MÍNUS

Krummi og félagar ferðuðust um gjörvalla Evrópu til að spila fyrir rokkþyrstan lýðinn. Mínus spilaði með hljómsveitum á borð við Metallica, Foo Fighters og Queens of the Stone Age og voru eitt af aðalböndunum á Leeds-tónlistarháttíðinni árið 2004. Bandið fékk frábærar viðtökur hjá þekktum tónlistarmiðlum á borð við NME, Metal Hammer og Terrorizer og fékk hvorki meira né minna en fullt hús hjá Kerrang!



QUARASHI Rapphópurinn landaði samning í Ameríku við Columbia Records og gaf út plötu, Jinx, þar í landi í apríl 2002. Sú náði 104. sæti bandaríska Billboard-listans í sinni fyrstu viku en náði aldrei hærra. Þó fékk tónlist þeirra að óma víða og var notuð í auglýsingaherferð Levi's, í auglýsingastíklum fyrir 2 Fast 2 Furious og lag þeirra „Mr. Jinx“ var notað í tölvuleiknum Madden NFL 2003. Þá var myndbandið við „Stick 'Em Up“ tilnefnt til myndbandaverðlauna MTV árið 2002. Sveitin náði líka miklu flugi í Japan.

OF MONSTERS AND MEN

Ævintýri krakkanna í Of Monsters and Men ættu allir að þekkja. Útvarpsstöðin Radio 104.5 í Philadelphia hóf að spila lag þeirra „Little Talks“ í fyrra og síðan þá hafa þau farið hratt upp metorðastigann. Í apríl síðastliðnum gaf sveitin svo út plötu sína My Head is an Animal í Bandaríkjunum eftir að hafa samið við útgáfurisann Universal. Platan seldist í tugþúsundum eintaka fyrstu vikuna og stökk strax í 6. sæti Billboard-listans sem er það hæsta sem íslenskur tónlistarmaður eða hljómsveit hefur náð.



Forsetinn synjaði

Botnleðja er snúin aftur í öllu sínu veldi og er að sögn meðlima í toppformi. Monitor ræddi við tríóið um endurkomuna, hin frægu tengsl við Blur, Eurovision-flippið og allt þar á milli.

Víð Raggi erum búnir að þekkja síðan við kynntumst í sex ára bekk og svo kynntumst við Heiðari í Flensborg þannig að við höfum allir þroskast saman,“ segir Halli, trommuleikari Botnleðju, um upphafleg kynni meðlima.

Hljómsveitin, sem stofnuð var undir lok ársins 1994, sneri formlega aftur um síðastliðna helgi eftir sjö ára frí frá rokkbransanum. Endurkomusumar bandsins verður stúfult af flottum tónleikum en hljómsveitin kemur meðal annars fram á Bestu útihátíðinni, Eistnaflugi og Þjóðhátíð í Eyjum.

Blaðamaður settist niður með rokkþríeykinu og rifjaði upp með þeim sögu Botnleðju og forvitnaðist um leið um „meikdrauminn“, Eurovision-grínið og framtíð bandsins. Fyrst til upphitunar voru þremmingarnir spurðir út í hvort þeir hafi aldrei fengið nóg hver af öðrum af allri þessari samveru þrír saman. „Nei, við erum það góðir vinir að ég held að vináttu okkar risti nú dýpra en bara samband milli hljómsveitarmeðlima. Þegar við erum komnir á þennan aldur og höfum gengið í gegnum allt þetta stúss saman, þá held ég að þetta sé alveg tryggt. Við erum ekkert að fara að skilja,“ svarar Heiðar söngvari og spjallið rúllaði af stað.

Texti: Einar Lövdahl
Myndir: Styrmir Kári

einar@monitor.is
styrmir@mbli.is

Hljómsveitin Botnleðja var stofnuð í lok árs 1994 þegar þið voruð allir tvítugir. Hvernig týpur voruð þið þá? Hvað hefur helst breyst?

Heiðar Við vorum óttalegir vitleysingar í einhverju millibils-ástandi.

Raggi Já, við vorum lúðar og það fylgdi okkur mikið vesen.

Halli Við vorum í raun og veru bara leitandi að því hverjir við værum í raun og veru.

Heiðar Á þessum tíma vorum við í kafi í „grunge-inu“ og átum allt upp sem kom úr þeirri átt og lifðum svolítið eftir því.

Raggi Síðan skemmtu menn sér, fengu sér, hlustuðu á og spiluðu tónlist.

Halli Það mætti segja að við höfum verið frekar ábyrgðarlausir og það var töluvert kæruleysi í gangi. Við rétt gátum borið ábyrgð á sjálfum okkur.

Ef þið mynduð hitta tvítugu útgáfum af ykkur aftur núna, hvað haldið þið að þið mynduð segja við ykkur?

Halli „Þú ert nú meiri aulinn.“

Heiðar „Fáðu þér vinnu, maður.“

Raggi „Hættu þessu.“

Tæpu ári eftir stofnun bandsins báruð þið sigur úr býtum í Músiktilraunum. Var hljómsveitin stofnuð með sigurinn að markmiði?

Heiðar Já, það var svolítið markmiðið með bandinu og við sömdu lög sérstaklega til þess að vinna keppnina. Við höfðum samt verið að grúska saman í hljómsveitum í nokkur ár á undan.

Raggi En þessi hljómsveit var stofnuð til þess að vinna þetta.

Halli Maður hafði farið á öll Músiktilraunakvöldin árin á undan svo auðvitað var tilfinningin þegar við náðum markmiðinu gríðarlega góð. Á þessum tíma var þetta toppurinn á tilverunni.

Heiðar Menn höfðu aldrei upplifað annað eins.

Halli Þarna urðum við svolítið „mennirnir“, að okkar mati.

Strax frá upphafi vöktu textar Botnleðju athygli, sem meðal annars innihéldu beittar ádeilur á kynþáttafordóma og fegurðardýrkun. Það gerist stundum að beittir pönkarar mýkist með árunum og fari meira að syngja um ástina og börnin sín. Hafa textar ykkar þróast á þann veg?

Heiðar Á plötunni Drullumall var þetta allt voðalega einfalt eins og „sætar stelpur hafa ekki hægðir“. Þetta voru svona frasar með hómor en engu að síður ádeilur. Svo hafa þeir auðvitað þróast þótt markmiðið sé oftast að vera með einhverja gagnrýni á það sem er að gerast í samfélaginu. Það hafa kannski ákveðnar mjúkar hliðar komið í ljós seinna meir með einhverjum hamingjutextum, þótt þeir séu ekki margir. Það er meira verið að skjóta á einhverja hópa í þjóðfélaginu og slíkt.

Halli Eða stinga á kyli.

Heiðar Já, það er líka vinsælt, að stinga á kyli (hlær).

Í kringum árið 1997 mynduðust félagatengsl milli ykkar og meðlima bresku roksveitarinnar Blur. Hvernig vildi það til?

/// Ég las það í viðtali við hann að Song 2 hefði verið innblásið af íslenskri hljómsveit. Það er auðvitað bara frábært en við vorum svo sem ekki fyrsta hljómsveit í heimi sem sagði „jú-hú“.

Halli Þeir sáu okkur spila á Tunglinu gamla þegar við vorum að spila á útgáfutónleikum safnplötunnar Súper 5, sem reyndar flaug ekki mjög hátt. Þeir römbuðu þangað inn og urðu hrifnir, þeim fannst einhver frumkraftur í tónlistinni okkar sem þeir tengdu við. Eftir gíggið töluðu þeir við okkur og þá stakk ég því að þeim að það væri gaman ef við myndum hita upp fyrir þá í Laugardalshöll.

Heiðar Og við fengum að gera það, enda vorum við í hálfgerðri áskrift að því að hita upp í Laugardalshöll fyrir erlendar hljómsveitir á þessum tíma, við vorum „upphitunarhljómsveit Íslands“. Það var auðvitað virkilega skemmtilegt.

Blur var hljómsveit sem þið höfðuð mikið hlustað á, ekki satt? Náðuð þið alveg að „halda kúlinu“ í kringum þá?

Halli Já, við hlustuðum mikið á þá og það má alveg greina sterk Blur-áhrif í okkar lögum.

Heiðar Meðfram öllu þessu „grunge-i“ frá Seattle vorum við að hlusta á enska tónlist eins og Blur, Charlatans og Suede. Þessu sulluðum við öllu saman sem varð síðan Botnleðja.

Halli En já, við vorum alveg mjög svalir með þeim.

Raggi Við reyndum það allavega eins og við gátum. Þetta var mjög skemmtilegt.

Heiðar Já, við enduðum náttúrulega á að fara með þeim í partí, drukkum með þeim bjór og spiluðum fótbolta. Upp frá því öllu buðu þeir okkur að koma með sér á túrinn til Englandis.

Úr varð að þið lögðuð í hann með þeim og breyttuð nafninu í Silt á meðan á því stóð.

Halli Eftir á að hyggja var nafnabreytingin mistök. Við hefðum aldrei átt að breyta nafninu.

Heiðar Damon Albarn sagði við okkur að við yrðum að breyta nafninu eitthvað, það gengi eiginlega ekki að vera með þetta nafn erlendis.

Halli Við hlýddum auðvitað bara því sem Damon sagði (hlær). Samt sem áður voru þetta mistök, eftir á að hyggja. Heiðar: Við fórum bara í orðabók og beinþýddum nafnið bara yfir á ensku.

Raggi Já, það er algjört rugl að hafa heitið tveimur nöfnum. Hins vegar lentum við í því þegar við spiluðum í Rússlandi að nafnið okkar var bara þýtt yfir á rússnesku. Við vorum að spila á einhverri hátíð þar og vorum að leita að nafninu okkar á listanum yfir böndin þar og þá fundum við það hvergi. Þá höfðum við bara settir á blað sem hljómsveitin „Pojamúta“.

Einhvern tímann hefur því verið fleygt fram að tónlist ykkar hafi haft áhrif á Blur-menn. Hvað segir þið um það?

Heiðar Ef svo er, þá er það auðvitað bara mjög gaman. Það var náttúrulega kannski þetta „jú-hú“ í laginu Song 2, sem við vorum með í laginu Þið eruð frábær.

Raggi Halli, þú last það í viðtali að hann hefði sagt það sjálfur.

Halli Ég las það í viðtali við hann að Song 2 hefði verið innblásinn af íslenskri hljómsveit. Það er auðvitað bara frábært en við vorum svo sem ekki fyrsta hljómsveit í heimi sem sagði „jú-hú“.

Heiðar Jú, var það ekki?

Halli (Hlær.) Þetta var nú allavega ekki stórmál.

Í kjölfarið á þessu tímabili spiluðuð þið mikið erlendis í því skyni að hasla ykkur völl þar. Hvernig gekk það?

Heiðar Þetta var náttúrulega óttalegt hark. Við renndum svolítið blint í sjóinn með þetta, sérstaklega hvað varðar Blur-túrinn, og vorum ekki beint með mikið teymi í kringum okkur til að leiðbeina okkur. Til dæmis hefði eflaust verið hægt að fá meira út úr þessum Blur-túr heldur en við gerðum ef við hefðum haft eitthvert svoleiðis teymi, því ekki vissum við hvernig við ættum að bera okkur að.

Raggi Þetta var auðvitað rosalega skemmtilegt, við spiluðum á stórum hátíðum eins og Reading og Leeds en það fór rosalegur tími og rosalegur peningur í þetta. Við settum okkur næstum því á hausinn með þessu.

Halli Við náðum heldur ekki beint að vera réttir



Botnleðjuloögnum

RAGNAR

Á 30 SEK.

Fyrstu sex: 250674.

Upphaldsmatur: Allt kjöt bara.

Upphaldsstaður í heiminum: Hvalfjörður.

Æskuátrúnaðargoð: Ómar Ragnarsson, engin spurning.

BOTNLEÐJA

Stofnuð: 1994.

Meðlimir: Haraldur Freyr Gíslason, Heiðar Örn Kristjánsson og Ragnar Steinsson.

Breiðskífur: Drullumall (1995), Fólk er fífl (1996), Magnyl (1998), Douglas Dakota (2000) og Iceland National Park (2003).

Besta gígg hljómsveitarinnar að eigin mati: Við munum eiginlega ekki lengra aftur en bara síðustu helgi. Þá tókum við tvönnu „kombakk-tónleika“ á Gauknum svo ætli það hafi ekki verið bestu gígginn.

Versta gígg hljómsveitarinnar að eigin mati: Þá munum við reyndar langt aftur. Við spiluðum eitt draslgígg í Cornwall, Bretlandi, árið 2000 þar sem það mættu tveir gestir, sem sagt maður með hundinn sinn og ekki til að horfa á okkur.

HEIÐAR Á 30 SEK.

Fyrstu sex: 070974.

Upphaldsmatur: Það er erfitt að nefna eitthvað eitt, en ef ég yrði að gera svo þá er það nautilund og gott rauðvín.

Upphaldsstaður í heiminum: Hafnarfjörður.

Æskuátrúnaðargoð: Laddi.



HARALDUR Á 30 SEK.

Fyrstu sex: 141274.

Upphaldsmatur: Naut og bernaise.

Upphaldsstaður í heiminum: 200 og „fökking“ 20.


Æskuátrúnaðargoð: Simon LeBon.

viðtalið



GÍTARAR

frábært úrval



TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn



MÚGURINN VERÐUR SEFJADUR Í FRÍKIRKJUNNI ANNAÐ KVÖLD

Útgáfutónleikar Múgsefjunar

Hljómsveitin Múgsefjun hefur sent frá sér sína aðra breiðskífu sem nefnist einfaldlega Múgsefjun. Platan inniheldur þrettán lög, þar á meðal lagið Fékkst ekki nóg sem finna má á Vinsældarlista Rásar 2 um þessar mundir, auk laga eins og Þórðargleði og Sendlingur og sandlóa sem hljómað hafa í útvarpi á undanfögnu ári.



Í tilefni útgáfunnar hyggst sveitin blása til útgáfutónleika sem fram fara í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld kl. 21:00. Á tónleikunum verður platan flutt í heild sinni en að sögn hljómsveitarmeðlima verður engu til sparað og má þar nefna að þeim til halds og trausts í hljóðfærleikum verður fjöldinn allur af aukahljóðfærleikum.

Eins og áður segir er Múgsefjun önnur breiðskífa sveitarinnar en árið 2008 kom frumraun hennar út sem nefndist Skiptar skoðanir og hlaut ágætisviðtökur gagnrýnenda. Miðaverð á hljómlíkana er 2.500 kr.



Hvert fer Gylfi?

Á næstu dögum á að skýrast til hvaða liðs Gylfi Þór Sigurðsson gengur en líklegast þykir að hann klæðist einni af eftirfarandi treyjum á næsta tímabili. Monitor hvetur lesendur til að klippa höfuð Gylfa út, máta hann við treyjurnar og meta hvaða treyja klæðir hann best þangað til beðið er eftir tíðindum.



Gylfi prýðir næstu forsiðu Monitor

Það er Monitor sönn ánægja að tilkynna að Gylfi Sigurðsson kemur til með að prýða forsiðu næsta tölublaðs. Hann verður þá líklegast genginn til liðs við nýtt lið svo ljóst er að spennandi viðtal er í uppsiglingu.

MAX FACTOR
THE MAKE-UP OF MAKE-UP ARTISTS

www.maxfactor.co.uk

Allt að 24ra STUNDA ending og þykking

TILVALIÐ Á STRÖNDINA, Í RÆKTINA EÐA Í PARTÝIÐ!

NÝTT 24 FALSE LASH EFFECT

Max Factor á Íslandi
www.medico.is

Útsöluastaðir: Hagkaup: Holtagörðum, Kringlunni, Skeifunni, Smáralind. Lyf og Heilsa: Austurverri, Eiðistorgi, Hringbraut og Kringlunni. Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Árbæjarapótek, Garðsapótek, Lyfjaborg, Lyfjaver Suðurlandsbraut, Lyfjaval Bílaapótek, Ríma apótek, Snyrtivöruslunin Nana, Urðarapótek. Landið: Lyf og Heilsa: Glerártorgi, Hrísalundi, Hveragerði, Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn. KS Suðárkróki.



HREFNA SÆTRAN HVERGI SJÁANLEG

Sendiherrann & guðfaðirinn

Simmi og Jói fengu til sín tvær matreiðslukempur til að smakka Hrefnu

Það er orðin hefð hjá Fabrikkuþráðunum Simma og Jóa að bjóða upp á sérstaka hamborgara nokkrum sinnum á ári. Þessir hamborgarar tengjast iðulega einhverjum tyllidögum eða árstíðum og nú þegar sumarið er komið ákváðu þeir að bjóða annað árið í röð upp á sérstakan hrefnuborgara sem heitir einfaldlega Hrefna.

Til að ganga úr skugga um að allt væri í toppstandi buðu þeir félagar tveimur merktum matreiðslumönnum í smakk til sín í vikunni, þeim Úlfari Eysteinsyni, yfirmatsveini á 3 frökkum og Tómasi Andrésí Tómassyni, eiganda Hamborgarabúllunnar.

„Úlfar er náttúrulega bara sendiherra hvalsins á Íslandi,“ segir Jói. „Hann hefur áralanga reynslu í að meðhöndla hval og ýmis konar fisk og veit því hvað hann syngur þegar kemur að því að smakka hrefnuna,“ bætir Jói við og sparar heldur ekki stóru orðin þegar talið berst að Tómasi. „Tommi er auðvitað guðfaðir hamborgaranna á Íslandi svo það er heiður fyrir okkur að fá hann til að smakka það sem við höfum upp á að bjóða.“

„Það hefði getað verið óþægilegt ef þeir hefðu verið ósáttir með vöruna en sem betur líkaði þeim vel við hrefnuborgarann. Þetta gefur okkur byr undir báða vængi og nú getum við haldið ótrauðir áfram með okkar starfsemi,“ segir Jói sem að endingu vildi kasta kveðju á afmælisbarnið Paul McCartney sem varð sjötugur á mánudaginn var. „Hann er náttúrulega „melody maker“ dauðans og samdi bara ofurlög.“



ÚT Á LÍFIÐ

JAKKI: MATTHEW WILLIAMSON
SKYRTA: AFMÆLISGJÖF
BUXUR: AMERICAN APPAREL
SKÓR: KAUPFÉLAGIÐ
VESKI: SONIA RYKIEL



HVERSDAGS

PEYSA: H&M
SKYRTA: H&M
BUXUR: AMERICAN APPAREL
MAGABUDDA/TASKA: URBAN OUTFITTERS
SKÓR: GÖTUMARKAÐUR Á SPÁNI



SPARI

KJÓLL: HANNAÐI OG SAUMAÐI SJÁLF
SOKKABUXUR: FALKE
SKÓR: NELLY TREND
HÁLSMEN: BLANCO
HATTUR: TOP SHOP



SUMARDRESS

TOPPUR: TOPSHOP
BUXUR: SPÚÚTNIK
SKÓR: URBAN OUTFITTERS
HÁLSMEN: SIX
ARMBÖND: STRADIVARIUS OG CLAIRE'S

Mynd/Árni Sæberg

Lítur upp til þeirra sem þora að vera öðruvísi

Edda Konráðsdóttir er tvítugur Vesturbæringur sem hefur mikinn áhuga á tísku. Edda stefnir á að fara í Háskóla Íslands í haust en fyrst ætlar hún að njóta sumarsins og vera dugleg að ferðast innanlands. **Stíllinn** fékk Eddu til að klæða sig upp fyrir fjögur mismunandi tilefni.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?

Nokkuð breytilegum eftir skapi og veðri. Ég hef gaman af því að hanna og sauma mín eigin fót og elska að blanda saman einhverskonar rokk- og hippastíl.

Breytist stíllinn þinn eitthvað þegar líða fer á sumarið?

Já, svo sannarlega. Ég verð mjög litaglöð og frjálsgleg og hippinn sem býr innra með mér fær að lifna við.

Hver er þín fyrirmynd í tískuheiminum?

Ég á mér enga sérstaka fyrirmynd en ég lít mikið upp til þeirra sem þora að vera öðruvísi og eru með sérstakan stíl.

Hvað er ómissandi að eiga í fataskápnum fyrir sumarið?

Gallastuttbuxur, espadrillur, magabuddu og litríka magaboli.

Hver hafa verið þín verstu tískumistöð?

Ég reikna fastlega með því að fötin sem ég klæðist í dag verði orðin sannkallað tískuslys eftir 10 – 15 ár.

Hvað ætlar þú að gera í sumar?

Ég er nýkomin úr útskriftarferð með Verzló sem var mjög góð byrjun á sumrinu. Núna tekur við vinna en ég ætla að reyna eins mikið og ég get að nýta sumarið í að vera úti í góða veðrinu og jafnvel ferðast eitthvað út á land með kærastanum

mínun og vinum því það er alltaf jafn fljótt að líða þetta blessaða sumar.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Uppáhalds búðirnar mínar héra heima eru Spúútnik, Nostalga, Rokk og Rósir, Topshop, Einvera, Kronkron o.fl. Erlendis eru það American Apparel, Urban Outfitters, H&M, Monki, Weekday o.fl. Svo kaupi ég líka nokkuð mikið á netinu, t.d. af eBay, Asos og Nasty Gal.

„Sól, átt þú einhvern pening?“
Íslenski druamurinn (2000)

VILTU VINNA
Samsung
GALAXY S III

SMS LEIKUR
9. hver
vinnur

EINN AF
EFTIRSÓTTARI
SÍMUM Í HEIMI!

SENDU SMS-ÍÐ EST SG3
Á NÚMERIÐ 1900

ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU OG SVARAR
EST A, B EÐA C Á NÚMERIÐ 1900.

AÐALVINNINGURINN ER
SAMSUNG GALAXY SIII

FULLT AF AUKAVINNINGUM : DVD · TÖLVULEIKIR
GOS OG MARGT FLEIRA

*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 10. júlí 2012.
Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu
komin í SMS klúbb. 199 kr./SMS-íð. Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu.
Leik lýkur 8. júlí 2012.

ÞESSI MYND ER SÖNGLEIKJAMYND EN ÞÓ
EKKI SÖNGLEIKJAMYNDIN HAIRSPRAY

FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

Rock of Ages

Kvikmyndin Rock of Ages er byggð á samnefndum söngleik sem var fyrst settur á svið árið 2006, sló í gegn í gegn á Broadway árið 2009 og hefur síðan farið sigurför um leiklistarheiminn. Söngleikurinn gerist árið 1987 og byggir ekki síst á vinsælustu rokkónlist þeirra ára þegar hljómsveitir eins og Def Leppard, Journey, Poison, Twisted Sister og Foreigner áttu sviðið. Drew Boley vinnur á krá og rokkklúbbi í Hollywood sem heitir The Bourbon Room, en staðurinn er þekktur fyrir sína villtu rokkónleika. Drew er sjálfur mikill rokkari sem vonast til að fá tækifæri til að láta ljós sitt skína á sviðinu.

Leikstjóri: Adam Shankman.
Aðalhlutverk: Julianne Hough, Diego Boneta, Russell Brand, Alec Baldwin, Tom Cruise, Paul Giamatti og Catherine Zeta-Jones.
Lengd: 123 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík.

Dag einn kemur á krána ung kona að nafni Sherrie, en hún er komin alla leið frá Kansas til að láta reyna á drauma sína um að fá vinnu sem söngkona. Drew fellur umsvifalaust fyrir henni og sannfærir eiganda kráarinnar um að ráða hana í vinnu.

Á sama tíma hefur samtökum sem vilja láta jafna krána við jörðu vaxið fiskur um hrygg og athyglin sem málið fær verður til þess að eigandinn ákveður að efna til „lokatonleika“ þar sem rokkgoðið Stacee

Jaxx á að koma fram, en Stacee hafði einmitt hafði sinn glæsta feril á The Bourbon Room.

VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa miða á Rock of Ages, fylgstu með ...
[facebook.com/monitorbladid](https://www.facebook.com/monitorbladid)

KVIKMYND

Andlegt gjaldþrot

Ég gerði heiðarlega tilraun síðustu helgi til að setja mig inn í hugarheim tóningsstúlku. Þetta gerði ég með því að skella mér í kvikmyndahúsin á rómantísku gamanmyndina LOL. Það var ákvörðun sem ég sá eftir. Kvikmyndin segir frá Lol (Miley Cyrus), ungru stelpu sem á fullt í fangi með allt dramað sem lífið hefur upp á að bjóða og glímir hún við hvert „lúxusvandamálið“ á fætur öðru. Þá fáum við einnig að fylgjast með afdrifum einstæðrar móður hennar (Demi Moore) og hvernig henni tekst að spjara sig í því að sameina makaleit og uppeldi barna sinna. LOL fjallar um ástarmál, kenndir og hugarheima ungs fólks, en á mjög undarlegan máta. Ofan á það er öllum helstu samfélagsmiðlum troðið inn í þessa flóru af tilfinningum og með því er eflaust verið að reyna að varpa fram raunsæri mynd af unga fólkinu í dag. Ég vona að LOL hafi ekki rétt fyrir sér.



HJÁLMAR KARLSSON

LOL
MMMMM



mynd stíli ekki inná markhópinn sem ég tilheyrir átti ég erfitt með að ganga ekki út í hléi. Krakkarnir og unglíngarnir í salnum virtust þó lifa sig mikið inn í myndina og var ekki óalgengt að heyrja fyrir aftan sig „ó mæ god!“ eða „hann er svo sætur!“ þegar ákveðin atriði birtust á tjaldinu. LOL skortir engu að síður allan söguþráð og er í þokkabót afskaplega illa leikin. Miley Cyrus er þó átakanlega léleg í sínu hlutverki og ætti hún alfarið að snúa sér að söngferlinum. Annað sem angraði mig við LOL er að margt sem sneri að kynferðismálum, samböndum og framhjáaldi var nálgast með mikilli léttúð. Það sendir eflaust undarleg skilaboð til þess aldursþóps sem sækir hana í kvikmyndahúsin en hún er einungis bönnuð börnum innan 12 ára.

Bestu pókermyndirnar

Pókerspilun og áhugi á fjárhættuspilinu tók fjörkipp úti í heimi fyrir nokkrum árum og keppni í þessu sporti sem gengur ekki síst út að geta haldið fési við borðið varð meira áberandi. Þessi iðja sem löngum hefur verið stunduð í reykyfylltum bakherbergjum skemmtistaða færðist fram í sviðsljósið og pókerstaðir tóku meira að segja að skjóta upp kollinum hér og þar á Íslandi.

Sumir telja að James Bond-myndin Casino Royale frá 2006 hafi haft afgerandi áhrif á aukinn pókeráhuga almennings en þeir sem vilja horfa á áhrif kvikmynda í þessu sambandi geta horft enn lengra aftur, til ársins 1998 og kvikmyndarinnar Rounders en margir af fremstu spilurum heims segja myndina hafa kveikt áhuga þeirra.

Að þessu sinni tekur Svart Höfði saman bestu pókermyndirnar í toppfimm.




Lucky You

Tegund pókers: Texas Hold 'em
Lucky You er hugsanlega sísta myndin á listanum en samt sem áður áhugaverð mynd um heim pókerspilarans. Curtis Hanson (L.A. Confidential, Wonder Boys) leikstýrir handriti eftir sjálfan sig og Eric Roth (The Insider, Munich, Forrest Gump). Rétt eins og í Rounders opnast sýn í heim spilarans og hversu heltekinn hann er verður af köllun sinni, pókerum. Eric Bana er góður ásamt Robert Duvall en þeir leika pókerfeðga og keppinauta. Óskiljanleg framvinda og skortur á innsæi í samband Bana og Drew Barrymore dregur þó myndina töluvert niður.



California Split

Tegund pókers: Five-Card Draw
Robert Altman leikstýrir hér nokkurra daga spilatörn nýju vinanna Bill og Charlie sem George Segal og Elliot Gould leika. Hér er tekið fyrir hversu hverfull heimur spilarans getur verið og hvernig fiknin tekur sér bólfestu og skilur eftir sviðna jörð. Dagur verður að nóttu og nótt verður að degi í nafni spilamennskunnar. Segal er óborganlegur í hlutverki Bills sem sekkur dýpra og dýpra með hjálp Charlies.




The Cincinnati Kid

Tegund pókers: Five-Card Stud
Godsögnin Steve McQueen var mikill pókerspilari og þótti því viðeigandi að hann tæki að sér hlutverk upprennandi pókerspilara sem ætlað komast á toppinn. Gamli gangsterinn, Edward G. Robinson, fer með hlutverk sitjandi meistara til margra ára sem Cincinnati-strákurinn ætlað að sigra og gott betur.



Maverick

Tegund pókers: Five-Card Draw
Maverick er sú mynd sem undirritaður hefur séð oftast af þeim sem taldar eru upp á listanum. Mel Gibson neglir hlutverk hins spilaglaða Mavericks sem James Garner hafði þremur áratugum áður gert frægan í samnefndum sjónvarpsþáttum. Garner leikur einmitt eitt aðalhlutverkið hér ásamt Jodie Foster. Gauragangur, póker, hasar og grín í fyrirrími í þessari frábæru mynd. Richard Donner (Lethal Weapon 1-4, Superman) leikstýrir.



Rounders

Tegund pókers: Texas Hold 'em
Rounders er sögð hafa hrist upp í pókerheiminum og gott betur en það. Margir af helstu yngri spilurum dagsins í dag hafa talað um að Rounders hafi kveikt áhuga þeirra á spilamennsku. John Dahl leikstýrir Matt Damon, ferskum eftir vandaðan og góðan leik í A Good Will Hunting, Edward Norton og John Malkovich, með mest pirrandi hreim í heimi. Myndin gerir spilamennsku góð skil og gerir bæði reglum og pókerhugsun góð skil. Áhorfendur sökkva dýpra og dýpra með Damon þangað til hann rekst á botninn, tekur sig saman í andlitinu og vinnur sig upp á við.




TÖLVULEIKUR

Drepinn í heita pottinum

Minn draumur hefur alltaf verið sá að fá góðan fyrstu persónu skotleik á lófaleikjatölvu, reyndar hefur mig líka dreymt um fegurra útlit og beinni tennur, en það er lengri og flóknari saga. Það má segja að með leiknum Resistance Burning Skies á PlayStation Vita sé draumur minn að vissu leyti að rætast, en þessi kafli Resistance-sögunnar gerist á undan hinum leikjum seríunnar.

Hér fara leikmenn í hlutverk slökkviliðsmannsins Toms Riley, en hann er á vaktinni þegar Chimera-kvikinginn gera innrás á New York. Fjölskylda Toms hverfur í kjölfarið og þarf hann að gera allt sitt til að bjarga henni og heiminum frá hinum illu Chimera-geimverum.

Resistance Burning Skies er skipt upp í tvo hluta, annarsvegar söguþráð og svo netspilun. Söguþráðurinn er ekki að fara að vinna til neinna verðlauna og er frekar flatur og tilfinningasnauður. Þar geta leikmenn keyrt á helstu vopnum Resistance-seríunnar og notað snertiskjá Vita-tölvunnar




Resistance Burning Skies
Tegund: Skotleikur
PEGI merking: 16+
Útgefandi: Sony Computer
Dómar: Gamespot 5,5 af 10 / IGN 5,5 af 10 / Eurogamer 5 af 10

til að fá sem mest útúr vopnunum. Tom og félagar þvælast um New York-borg og fá að tækla óvini af ýmsum stærðum og gerðum og er það allt ágætlega útfært, án þess þó að gera eitthvað brjálað.

Netspilun leiksins er tiltölulega einföld og geta allt að 8 manns spilað þar saman í nokkrum borðum leiksins. Þetta virkar allt ágætlega, en hér hefði ég viljað sjá fleiri borð og möguleika til að spila.

Stýringar leiksins eru frábærar og sýna fram á að það er léttilega hægt að gera frábæra fyrstu persónu skotleiki á Vita, grafikin er fín, en langt frá því flottasta sem vélin hefur uppið að bjóða og sama má segja um tónlist og hljóð.

Þegar öllu er á botninn hvolft er Resistance Burning Skies fín skotleikur og fátt betra en að sitja í heita pottinum með PlayStation Vita-tölvuna og drepa þar mann og annan. Manni hlýnar eitthvað svo við það.



ÓLAFUR ÞÓR JÓELSSON

ÍSLENSKA
**HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN**
2010



SÆLL VETTU!

HAPPY HOUR - FIMMTUDAGA, FÖSTUDAGA OG LAUGARDAGA
FRÁ KL. 22.00-24.00 OG VIÐ SKUTLUM ÞÉR Í FRÍTT Í BÆINN